

Ed.

## 207. Frumvarp

til laga um erfðaábúð á kirkjujörðum.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr.

Um umsjón, byggingu og ábúð kirkjujarða fer svo sem fyrir er mælt með lögum þessum.

2. gr.

Kirkjujarðir eru:

1. Jarðir þær, er alment nefnast kirkjujarðir.
2. Jarðir þær, sem verið hafa embættissetur sóknarpresta þjóðkirkjunnar, en að álit hlutaðeigandi sýslunefndar geta ekki samkvæmt lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907 framar verið prestssetur.
3. Hjáleigur slíkra prestssetra og hjáleigur kirkjujarða, þær er metnar eru til hundræðatals samkvæmt gildandi lögum og jarðabók, og eru að minsta kosti 7,5 hndr. að dýrleika.

3. gr.

Umráðamenn þeir, er byggingarráð hafa á kirkjujörðum, skulu fyrir 1. janúar 1910 hafa leitað álits sýslunefndar um hverja þá kirkjujörð, er þeir hafa í umsjón sinni, hvort hún sé sérstaklega hentug fyrir opinberar stofnanir eða til annara almennings nota, svo og hvort líklegt sé, að á jörðinni myndist innan skamms kauptún eða þorp, eða þar komi upp verksmiðjuíðnaður, og loks um það, hvort jörðin sé sérstaklega fallin til sundurskiftingar milli margra grasbýla. Skal sýslunefnd hver á fyrsta fundi sínum á árinu 1910 láta uppi álit sitt um sérhverja kirkjujörð í sýslunni, að því er til þessara atriða kemur, og tilkynna umráðamönnum jarðanna álit sitt. Á sama fundi skal sýslunefnd og kveða upp álit um, hverjar jarðir geti haldið áfram að vera prestssetur eftir það, er skipun prestakalla samkvæmt lögum lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907 er komin á.

4. gr.

Um ábúð og byggingu allra annara kirkjujarða en þeirra, er að álit sýslunefndar eru svo vaxnar, sem tekið er fram í 3. gr. laga þessara, skal fara svo sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

5. gr.

Byggja skal slíkar jarðir með bréflægum samningi (byggingarbréfi), og verður hann því að eins fullgildur, að sýslumaður riti á hann samþykki sitt.

6. gr.

Þá er slík kirkjujörð losnar úr ábúð, skal í næstu fardögum selja kúgildi þau, er á henni eru.

Byggja skal hana með jarðabótakvöð, er nemi að minsta kosti hálfu jarðabótadagsverki fyrir hvert hundræð að dýrleika hennar að gildandi lögum. Eftirgjaldið skal að öðru leyti gjaldast í peningum, og ákveða óvilhallir dómkvaddir menn upphæð þess, og er það »lögleiga«. Skal svo gert í hvert skifti, er jörð losnar úr ábúð. Síðan skal bjóða hana til ábúðar og jafnframt auglýsa lögleigu hennar í blaði því, er fer með stjórnarvaldaauglýsingar.

Nú byggist jörð eigi fyrir lögleigu fulla, og skal þá byggja hana hverjum þeim hæfum manni, er býður leiguupphæð þá, sem er lögleigu næst.

Gjalddagi eftirgjaldsins er 31. desember, og sé það eigi greitt í þann eindaga, má fyrir því fjárnám gera, án undangenginnar sáttar eða dóms. — Náist eftirgjaldið þá ekki með fjárnámi, enda greiði ábúandi það eigi innan mánaðar frá eindaga, glatar hann ábúðarrétti sínum frá næstu fardögum.

7. gr.

Andvirði seldra kirkjukúgilda skal leggja í hinn sérstaka sjóð, er stofnaður var með lögum um sölu kirkjujarða nr. 50, 16. nóv. 1907, og nefnist kirkjujarðasjóður. Stendur hann beint undir landstjórninni og er stofnfé hans andvirði seldra kirkjujarða, peningaeign prestakalla, og andvirði seldra kirkjukúgilda.

8. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í presta- launasjóð til að launa sóknarprestum þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Landstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning kirkjujarðasjóðs fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna, og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

10. gr.

Úr kirkjujarðasjóði skal, svo sem fé hans brekkur til, lán veita til húsabóta og gripheldra virgirðinga bændum á jörðum þeim, er byggðar eru samkvæmt lögum þessum. Mega slík lán til hverrar jarðar þó aldrei nema meiru samtals, en hálfu virðingarverði jarðarinnar, og skal af þeim greiða 6% vöxtu árlega. Greiðast skulu þeir með eftirgjaldinu eftir jörðina, og fer um gjalddaga og innheimtu þeirra eftir 5. grein. Af vöxtunum skulu  $4\frac{1}{2}\%$  greiðast í kirkjujarðasjóð, en  $1\frac{1}{2}\%$  skal setur á vöxtu undir umsjón sýslumanns, og heita »viðhaldssjóðir húsa og girðinga« tilnefndrar jarðar. Skal þessa getið í skuldabréfi ábúanda, er lánið tekur. Á varðveizlu og ávöxtum sjóðsins ber sýslumaður jafn ríka ábyrgð og á varðveizlu og ávöxtum ómyndugra fjár, — og skal hann leggja fram fyrir sýslunefnd til endurskoðunar og athugunar fullnægjandi skilríki fyrir »viðhaldssjóði húsa og girðinga« hverrar kirkjujarðar í sýslunni um sig og allra saman.

Það af höfuðstóli kirkjujarðasjóðs, sem eigi er í lánnum og á vöxtum samkvæmt upphafsákvæðum greinar þessarar skal varðveitt og ávaxtað í Landsbankanum á þann hátt, að jafnan geti laust verið til nefndra lánveitinga.

11. gr.

Hver sá, kona sem karl, er með löglegu byggingarbréfi, samkvæmu 5. gr. laga þessara fær til ábúðar einhverja þeirra kirkjujarða, er í 2. og 4. grein ræðir um, öðlast með því fyrir niðja sína mann frá manni í beinan legg í óslitinni röð allan sama ábúðarrétt, ábúðarskilmála og leigumála, sem hann sjálfur öðlast með byggingarbréfinu og er það erfðaábúð. Kjörsonur eða kjördóttir barnslauss ábúanda, og hver sá, kona sem karl, er hann hefir leitt til arfs eða ættar, skal njóta erfðaábúðarinnar sem barn hans væri. Ekkja ábúanda gengur fyrir barni hans meðan hennar nýtur við, og eldri niðji

fyrir yngri niðja, nema öðru vísi hafi samist með þeim. Nú er sá ófullveðja, er að erfðaábúðinni er borinn, og ræður þá lögráðandi hans, hvort hann afsalar sér erfðaábúðinni eða geymir réttar síns, en fulla ábyrgð hefir lögráðandi þá á abúðinni í öllum greinum unz abúðararfi verður fullveðja.

12. gr.

Nú losnar jörð úr erfðaábúð ættar, áður en 25 ár eru liðin frá því, er hún tók abúðina, og abúandi hefir gert verulegar túbætur, engjabætur, eða reist matjurtagarð á stofn á óræktaðri jörðu, um 15 síðustu ár abúðartímans, og er honum þá rétt, eða dánarbrú hans, að láta óvilhalla dómkvadda menn meta hvorttveggja í senn til peningaverðs, bæði vinnu þá og fé, er til jarðabótanna hefir gengið, og arð þaun, er þær þegar hafa borið honum. Nú er arðurinn af jarðabótunum að matsmanna dómi eigi orðinn tult ígildi til kostnaðarins til þeirra, og skal kirkjujarðasjóður þá bæta hálfan halla, en hálfur fellur niður.

13. gr.

Þá er jörð losnar úr erfðaábúð, skal lögleiga hennar ávalt ákveðin af nýju, og hún boðin til abúðar, hvorttveggja samkv. 5. gr.

Um erfðaábúðarskifti á jörðu fer að öðru leyti svo sem landslög mæla fyrir um venjuleg abúendaskifni á jörðum, afhending, úttekt og voryrkjur og alt annað, er þar að lýtur.

14. gr.

Þeim, sem eru löglegir abúendur á kirkjujörðum þeim, er ræðir um í 2. og 4. gr., veitist með lögum þessum réttur til að fá erfðaábúð á abúðarjörðum sínum, með þeim hætti, sem lög þessi tilskilja.

15. gr.

Verði prestssetur, sem niður er lagt og í erfðaábúð komið samkvæmt lögum þessum, tekið upp aftur með breytingu á lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóvbr. 1907, og gert að prestssetri af nýju, hverfur það úr erfðaábúð og skal látið laust prestinum í næstu fardögum, án sérstakrar uppbótar fyrir missi abúðarinnar.

16. gr.

Það er til annars kemur en þess, er mælt er fyrir um í lögum þessum, skal fara með umsjón yfir jörðum þeim, er ræðir um í 2. og 4. gr. laga þessara, byggingarráð á þeim, og eftirlit með þeim eftir fyrirmælum 8., 9., 10. og 11. gr. laga um laun sóknarpresta nr. 46, 16. nóvbr. 1907.

17. gr.

Erfðaábúendur, samkvæmt lögum þessum, á niðurlögðum prestsetrum, skulu nefndir »óðalshölda«, en erfðaábúendur á öðrum kirkjujörðum »höldar«.

18. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma í gildi, falla úr gildi lög nr. 50, 16. nóvbr. 1907, um sölu kirkjujarða, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.